

Sjálfsmatsskýrsla FSu 2013 – 2014

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	Bls. 1
Inngangur.....	Bls. 2
Markmið og tilgangur matsins.....	Bls. 2
Aðferðir og framkvæmd matsins.....	Bls. 4
Niðurstöður matsins.....	Bls. 4
Samantekt og ábendingar.....	Bls. 4
Hvað hefur verið gert frá vorönn 2012 og hvað er framundan.....	Bls. 5

Fylgiskjöl

Samantekt frá 18. september 2013 – SVÓT greining.....	Bls. 6
Hvernig við aukum tengsl við samfélagið?	Bls. 10
Bréf til umsjónarkennara vegna fyrirlagnar Skólapúlsins.....	Bls. 11
Fullyrðingar og leiðbeiningar vegna sjálfsmatsfundar 5. mars 2014.....	Bls. 12
Niðurstöður sjálfsmats 5. mars 2014.....	Bls. 13
Niðurstöður kannana vorin 2007 – 2014.....	Bls. 14

Inngangur

Fjölbrautaskóli Suðurlands leggur áherslu á að allir séu metnir að verðleikum, njóti skilnings og beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Skólinn stefnir að árangursríku og fjölbreyttu skólastarfi þar sem áhersla er lögð á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf.

Hlutverk skólans er að búa nemendur undir frekara nám, að bjóða upp á fjölbreytt starfsnám í góðum tengslum við atvinnulífið og að búa nemendur undir daglegt líf í lýðræðisþjóðfélagi.

Markmið skólans eru fjölþætt og snúa þau að námi og kennslu, mennsku og starfsumhverfi. Nánar má lesa um markmið skólans á heimasíðunni, <http://www2.fsu.is/index.php/markmid>

Á haustönn 2013 voru tengsl við samfélagið skoðuð og metin. Í gegnum árin hefur það verið mat manna að efla mætti tengsl skólans við samfélagið og var ákveðið að greina stöðuna með innra mati á þeim þáttum. Skólapúlsinn var tekinn í notkun á önninni og var lögð könnun fyrir úrtak nemenda (160 nem.) í lok nóvember. Alls voru 138 nemendur sem svöruðu. Niðurstöður voru ítarlegar og var ákveðið að skoða þær betur á vorönn 2014. Á vorönn var á áætlun að kanna gæði náms og kennslu með könnun sem notuð hefur verið við skólann í nokkur ár. Fyrirhugað var að leggja könnunina fyrir í mars, en verkfall kennara hafði þau



áhrif að ákveðið var að fresta fyrirlögn til vorannar 2015. Vinna vorannar tengdist úrvinnslu úr Skólapúlsinum þar sem kom í ljós að efla mætti samkennd og anda í skólanum. Til að fá enn skýrari mynd og greina útkomu Skólapúlsins frekar var sjálfsmatskerfi skólans, Gæðagreinar, notað og fullyrðingar sem tengdust samkennd og anda í skólanum lagðar fyrir kennara.

Ljóst er að verkfall kennara og stjórnenda í skólanum, sem stóð yfir frá 17. mars til 4. apríl hafði áhrif á áætlun um sjálfsmat og breytti því ferli sem var fyrirhugað. Sjálfsmatsáætlun verður endurskoðuð í samræmi við það.

Markmið og tilgangur matsins

Sjálfsmatsnefnd er starfandi við skólann og eiga sæti í henni Björgvin Eyjólfur Björgvinsson, Málfríður Garðarsdóttir og Þórarinn Ingólfsson. Matsnefndin er með fasta fundi einu sinni í viku og hittist síðan eftir þörfum. Hlutverk nefndarinnar er að halda utan um starfið, gera áætlanir og stjórna sjálfsmatinu sem slíku.

Fyrsta verkefni haustannar var að leggja fyrir svokallaða SVÓT greiningu á tengslum skólans við samfélagið til að fá mynd af því hvað hægt væri að gera til að efla þessi tengsl og jafnframt að sjá hvar við stæðum. Kennarar voru boðaðir á fund þar sem þeir áttu að taka

saman styrkleika, veikleika, ógnir og tækifæri sem þeir sæju í tengslum FSu við samfélagið. Að lokinni þeirri vinnu var það sjálfsmatsnefndarinnar að vinna úr niðurstöðunum, flokka þær og leggja síðan aftur fyrir kennara spurninguna hvernig við getum gert úrbætur. Því miður varð ekki til góð aðgerðaáætlun í framhaldi af þessu þar sem kennarar vísuðu aðgerðum meira og minna til annarra en horfðu ekki inná við eins og þeir höfðu fengið fyrir mæli um.

Skólapúlsinn var tekinn í fyrsta sinn þar sem könnuð er líðan nemenda í skólanum og athugað hvort, Heilsueflandi skóli“ hafi skilað breytingum á lífsstíl nemenda. Markmið okkar með þátttöku í könnuninni er að sjá hvar við getum bætt okkur. Matsspurningar eru margar en flokkarnir eru:

- 1.1. Vellíðan
- 1.2. Hamingja
- 1.3. Sjálfsálit
- 1.4. Stjórn á eigin lífi
- 1.5. Þunglyndi
- 1.6. Kvíði
- 1.7. Athyglisbrestur
- 1.8. Líkamsmynd
- 1.9. Megrunarþráhyggja
- 1.10. Megrun
- 1.11. Lotugræðgi
- 1.12. Steranotkun
- 1.13. Svefnleysi
- 1.14. Ástæður svefnleysis
- 2.1. Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum
- 2.2. Samsömun við nemendahópinn
- 2.3. Stuðningur kennara
- 2.4. Virk þátttaka nemenda í tímum
- 2.5. Einelti
- 2.6. Áreitni og ofbeldi
- 2.7. Fjarvera: Seinkomur í tíma
- 2.8. Fjarvera: Skróp í tíma
- 2.9. Fjarvera án leyfis heilan dag
- 2.10. Ástæður fyrir fjarveru
- 3.1. Lýstu því hvað þér þykir gott við skólann þinn.?
- 3.2. Lýstu því hvað þér þykir slæmt í skólanum þínum?



Niðurstöðurnar voru í megin þáttum sambærilegar við aðra framhaldsskóla, en þó var einn þáttur sem kom ekki eins vel út hjá okkur og öðrum skólum (þáttur 2.1. Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum). Sjálfsmatsnefndin ákvað að bregðast við þessu og var meðal annars ákveðið að fá kennara til að svara nokkrum fullyrðingum vegna viðhorfa gagnvart skólanum og hvernig væri hægt að fá nemendur til þess að verða stoltari af skólanum sínum. Ákveðið var jafnframt að hafa svokallað uppbrót á kennslu og boða nemendur á sal þar sem gert væri eitthvað skemmtilegt og nemendur kallaðir upp sem hefðu verið að standa sig vel í ýmsu sem tengdist skólanum.

Aðferðir og framkvæmd matsins

Aðferðir sem notaðar voru við framkvæmd sjálfsmatsins voru aðallega tvenns konar. Annars vegar var notast við spurningalista og hins vegar var sjálfsmatskerfið „How good is our school“ notað. Spurningalistar sem notaðir voru tengdust Skólapúlsinum og voru þeir lagðir fyrir ákveðið úrtak nemenda í gegnum tölvukerfið. Þegar niðurstöður voru ljósar skoðaði stýrihópurinn niðurstöðurnar (einnig voru þær sendar til náms- og starfsráðgjafa) og voru þær



síðan notaðar til áframhaldandi vinnu innan skólans. Í sjálfsmatskerfinu „How good is our school“ eru fullyrðingar settar fram og síðan er starfsfólk fengið til að meta þessar fullyrðingar og gefa þeim einkunn. Til þess að fá fram einkunn þarf að styðja hana með jákvæðum eða neikvæðum þáttum allt eftir því hvað þáttakendum finnst. Þegar einkunnir hafa borist til stýrihóps er brugðist við niðurstöðunum með því að gera aðgerðaáætlun.

Niðurstöður matsins

Helstu niðurstöður innra matsins voru þær að í fyrsta lagi þyrftum við að vera meira áberandi í samfélaginu og auka þyrfti tengslin sérstaklega við þá sem eru í nærsamfélagi okkar. Eins og áður kom fram fengu kennarar það verkefni að koma með aðgerðaáætlun, en því miður mistókst það og verður reynt aftur síðar að fá kennara til að vinna að þessum málum. Annað sem kom fram tengdist stolti einstaklinga af skólanum. Það virðist vera of lítið og hefur verið unnið í því að bæta það.

Samantekt og ábendingar

SVÓT greiningin var vel heppnuð að okkar mati og greindi helstu veikleika okkar. Við létum kennara koma með tillögur að því hvernig við gætum bætt okkur og komu margar ágætar tillögur frá þeim en flestar byggðu ekki á því að þeir ynnu þær sjálfir. Við þurfum að vinna áfram að þessum þáttum þ.e. að koma mörgum ágætum hugmyndum í framkvæmd.

Skólapúlsinn er kominn til að vera og reiknum við með að leggja könnunina aftur fyrir næsta haust. Með því að leggja aftur fyrir þessa könnun fáum við samanburð og verður fróðlegt að sjá hvort einhverjar breytingar verði á milli ára.

Á vorönninni var fyrirhugað að leggja fyrir könnun á gæðum náms og kennslu en verkfall FF og FS gerði það að verkum að ákveðið var að fresta þeirri könnun um ár. Við hefðum gjarnan viljað leggja þessa könnun fyrir nemendur því hún er samanburðarhæf við kannanir sem við höfum lagt fyrir á vorönnum og getur hjálpað kennurum til að sjá styrkleika sína og veikleika.

Því miður varð verkfallið til þess að könnunin var ekki lögð fyrir því talið var að tíminn væri ekki góður til fyrirlagðar.

Hvað hefur verið gert frá vorönn 2012 og hvað er framundan.

- ✚ V 2012
 - Nám og kennsla (GNOK) – unnið.
- ✚ H 2012
 - Mennska – unnið. Lögð fyrir könnun um líðan nemenda.
- ✚ V2013
 - Starfsumhverfi – þessi liður var ekki skoðaður vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda við verknámshúsið Hamar og breytinga í tengslum við það.
 - Heimasíða skólans var metin.
 - Lögð fyrir könnun tengd heilsueflandi skóla.
- ✚ H 2013
 - Tengsl við samfélagið voru skoðuð og fengu kennarar verkefni til að vinna í tengslum við það. Þeir áttu að reyna að efla tengsl við samfélagið með aðgerðaáætlun þar sem þeir voru framkvæmdaaðilar. Aðgerðaáætlanir voru mikið þannig að aðrir áttu að vinna að þeim en ekki deildirnar sjálfar.
 - Skólapúlsinn var tekinn í notkun og var lögð könnun fyrir úrtak nemenda (160 nem.) í lok nóvember. Alls voru 138 nemendur sem svöruðu. Niðurstöður voru ítarlegar og voru þær skoðaðar betur á næstu fundum sjálfsmatshópsins þ.e. á vorönn 2014.
- ✚ V 2014
 - Unnið með það sem kanna þurfti betur eftir útkomu úr Skólapúlsinum. Það var gert með aðferðum HGIOS (How good is our school). Fullyrðingarnar tengdust **viðhorfi og hollustu gagnvart skólanum**. Aðgerðir eftir þá vinnu: Sendum póst á náms- og starfsráðgjafa og Hörð Ásgeirsson kennslustjóra starfsbrautar þar sem þau voru beðin um að kynna á fundi með kennurum næsta haust, úrræði fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika.
 - Könnun var lögð fyrir nemendur sem komu úr 10. bekk um áramót. Niðurstöður úr þeirri könnun liggja fyrir aftast í fylgiskjölum.
 - Á áætlun var að leggja GNOK-könnunina fyrir en sökum verkfalls var því frestað.
 - Ætluðum að fá Helga Hermannsson félagsfræðikennara til að aðstoða okkur við að kanna notkun á Strætó en af því varð ekki vegna verkfalls.

Áætlun um sjálfsmat

- ✚ H 2014 – Mennska. Skólapúlsinn.
- ✚ V 2015 – Nám og kennsla (GNOK). Starfsumhverfi.
- ✚ H 2015 – Skoða markmið skólans og tímasetningar þeirra.
- ✚ V 2016 – Nám og kennsla (GNOK).

Fylgiskjöl

Samantekt frá 18. september 2013 – SVÓT greining

Tengsl FSu við samfélagið

Styrkleikar	Veikleikar	Ógnir	Tækifæri
Akademíurnar og hestabrautin - laða nemendur víða að	Að sumu lokuð eining	Aðrir heimavistarskólar með fæði.	Auka námsframboð
Breiður bakgrunnur hjá kennurum	Á láglaunasvæði	Annar skóli á sama skólastigi á Suðurlandi (ekki ML)	Auka tengslin við grunnskólann - bjóða fleirum upp á að taka einingabæra áfanga.
Eftirlitsmyndavélakerfið og þjófavarnakerfið er styrkleiki	Einhæft atvinnulíf á skólasvæðinu	Álag á starfsfólk	Aukið fjarnám
Ferðalög eru oft minnisstæð og vönduð kennsla	Ekki boðið upp á kvöldskóla/dreifnám hamlar því að ljúka t.d. iðnnámi.	Deilur um skólamál innan samfélags	Skólalóð og nánasta umhverfi gæti skapað fleiri tækifæri.
Fjölbreytileiki í námsframboði og þekkingu starfsfólks	Ekki fæði á heimavist hér eins og á Laugarvatni og Akureyri t.d.	Fábreytt atvinnulíf	Efla tengsl við fræðslunet á Suðurlandi/ styrkja tengsl við sveitastjórnir á Suðurlandi
Fjölbreytnin er styrkleiki (atvinnusvæði, námsframboð, aldur nemenda)	Ekki næg tengsl skólasamfélagsins við þarfir atvinnulífsins: ferðabjónusta, matvælaíðnaður, þjónusta, sjálfböðavinna, ræktun	Fjármagnsskortur.	Með fjölbreyttari atvinnuháttum í samfélaginu skapast aukin tækifæri.
Fjöldi fyrrum nemenda í samfélaginu.	Ekki sagt frá því sem nemendur okkar eru að gera fyrir utan skólann (t.d. Íþróttakeppnir, tónlist...)	Fólk er að mennta sig til að komast í burtu.	Fjölmenningsamfélagið
Góð samskipti við grunnskóla á svæðinu	Engin formleg tengsl við hinar dreifðu byggðir sem standa að baki skólanum.	Fækkun nemenda í iðn-, list- og verknámi.	Halda sveitdag, dag fiskiðnaðar, dag landbúnaðar, dag orku og virkjana, dag gróðursetninga, ferðamannadaginn, réttarfarsdagur:, nýssköpunardagur,

			fjármaladagur
Góð tengsl við byggðarkjarna	Erfitt að komast á samning	Hefur nærumhverfið áhuga á okkur?	Bjóða upp á hluta af kjötiðnaðarnámi og jafnvel grænmetis eða garðyrkjunámi. Virkja tengsl tengd ferðapjónustu, starfsnám fyrir tungumálabraut.
Góðar samgöngur	Fjármagnsskortur.	Illt umtal um skólann hefur heyrst úti í samfélaginu. Nauðsynlegt að skoða það, leitast við að breyta því og kveða niður. T.d. hefur heyrst að hér sé mjög erfitt að fóta sig vegna svæðisskiptingar í opna rýminu.	Hægt að fara í styttri ferðir með útsjónarsemi
Góður andi í skólanum	Foreldrar og skóli	kennslustund stutt fyrir langar ferðir - þarf að fella niður hjá öðrum	Tækifæri í nýrri námsskrá - ef tími er gefinn til að hugsa málið og vinna í takt við samfélagið
Háskóli Íslands / kennaranemar	Kennarar í eldri kantinum	Launaþróun kennara	Í stað alþjóðafulltrúa verði tengslafulltrúi sem hefur það hlutverk að efla tengsl okkar við samfélagið hérlandis og erlendis
Íþróttahús og sundlaug Selfoss	lágt menntunarstig	Menntunarstig á svæðinu	Kannski hægt að velja verkefni þannig að þau nýtist í einhverri starfsemi í samfélaginu, t.d. auglýsingar, bæklingar, stuttmyndir, minjagripir, þýðingar, kannanir, liðveisla, hjálparstarf,...
Jákvætt viðhorf til skólans	Listabraut ekki nógu sterk	Mikil samkeppni um vinnupláss, t.d. Fyrir starfsbrautarnemendur	Kynna FSu út á við og láta samfélagið vita af þeim fjölmörgu nemendum sem standa sig vel og hefur vegnað vel eftir veru sína við skólann.

Margir starfsmenn fyrrv. nem	Nálægð við höfuðborgarsvæðið - missum frá okkur nemendur	Minna rekstrarfé til skólans dregur úr, vettvangsferðum og tengslum við allt upptökusvæði skólans.	Learning by doing
Nálægð við höfuðborgarsvæðið	Neikvæðni til skólasamfélags almennt á svæðinu	Nálægð við höfuðborgarsvæðið	Mannauður skólans
náms- og starfsráðgjöf öflug	neikvætt viðhorf til menntunar	Ný námskrá	Meira popp
Nemendur koma víða að	Of fáar námsferðir	Nærumhverfið þekkir okkur ekki nógu vel	Nálægð við höfuðborgarsvæðið
Nýjar kynslóðir af ungu hugmyndaríku fólki bæði starfsfólk og nemendur	Of lítið val um námsleiðir.	Ólæsi	Spyrja nemendur, hvernig þeir sjái að skólinn geti eflt tengslin við þeirra nærumhverfi. Nemendur eru oft uppfyllir af hugmyndum samanber t.d. Made in sveitin - Flóafár 2013
opinn og skemmtilegur skóli	Of lítil tengsl við aðra skóla í héraði, framhalds- og grunnskóla, háskóla	Óvissa sem tengist framkvæmd laga um framhaldsskóla	Samvinna við fyrirtæki - kanna þarfir atvinnulífsins - fá styrki o.þ.h.
Ódýrara að fara í skóla hér en á höfuðborgarsvæðinu.	Ófullnægjandi aðstaða í verknámi hrekur nemendur burt af svæðinu eða úr námi.	Samkeppni um starfsfólk og nemendur frá höfuðborgarsvæðinu	Sameining skóla t.d. Garðyrkjuskólans við FSu
Samstarf eflir námið og kennsluna	Samgöngur - langt fyrir marga að fara	Stytting frhsk.	Skörun námsgreina / þverfaglegt starf
Samstarf sveitarfélaga við uppbyggingu skólans	Skekka gagnvart minni byggðarlögum	Stórir hópar, margar greiningar	Tenging við matvælafyrirtæki, samning vegna mötuneytis. Nemendur geta unnið í mötuneyti, ábyrgð á vistinni.
Sjúkraliðabrá tengd við Hsu	Skortur á diplómanámi-stytttri brautir	Takmarkaður möguleiki á fjarnámi	Vinna að jákvæðari sýn á skólann
Skólahjúkrunarfræðingur	Skortur á upplýsingaflæði innan skólans og meðal starfsfólks um það hvaða sjálfboðið starf fer nú þegar fram utan skólans.	Tekjur í samfélaginu	Ungir kenna öldnum og aldnir kenna ungum utan samfélagsins. Hvað með að nýta betur þekkingu íbúa Grænumerkur inní t.d. textílgreinar, matreiðslu og fl. Ungir gætu þá gefið til baka t.d. með aðstoð við tölvur, tungumál eða annað.

Heilsueflandi skóli	Starfskynningar hjá fyrirtækjum	Tímaskortur
Nálægð við mörg iðnfyrirtæki.	Stærðin er líka veikleiki (verður ópersónulegt).	Tungumálaerfiðleikar
starfbraut öflug.	Söfn í héraði of lítið notuð	Tölvukerfið
Starfsbrautin í góðu samstarfi við nærsamfélagið um vinnu	Takmarkað framboð í verklegum greinum	Vantar kerfisbundið skipulag varðandi uppfærslu á tækjum og tólum í iðnnámi (t.d.)
Sterk tengsl starfsf. Við nærsamfélag	Takmarkanir í starfsnámi vegna samgöngumála	Við þekkjum nærumhverfið ekki nógu vel
Stór vinnustaður	Tölvukerfið MJÖG lélegt	Viðhorf stjórnvalda til menntunar
Stutt í náttúruperlur		Virðingarleysi við menntun og skólastarf
Stutt í virkjanir (vatn og gufa!)		
Svæðið verður eitt - samhugur eflist		
Söðlasmíðar nálægt		
Tenging fyrir sjúkraliðabraut við H.Su		
Tengingar út í atvinnulífið - t.d. starfsbrautin		
Tengsl við fangelsin		
Tengsl við fræðslunet		
Útivist		
Verknámsdagurinn		
Virtar stofnanir í grennd við skólann - Matís, Landgræðslan, Mjólkurbúið		

Hvernig við aukum tengsl við samfélagið?

Þessar niðurstöður voru lagðar aftur fyrir deildirnar til þess að fá svör við HVER? OG HVENÆR?

AÐGERÐAÁÆTLANIR DEILDANNA EFTIR SJÁLFSMATSFUND 13. NÓVEMBER 2013

Fyllið í eyðurnar (HVER? – HVENÆR?) OG EINNIG MÁ GJARNAN BÆTA VIÐ ATRÍÐUM.

Tungumálakennarar ætla að:

- Halda franska /danska/spænska/þýska daga í Selfossbíói.
- Koma á skólabíói með áskriftarkorti. Afsláttur fengist þannig.
- Halda alþjóðlega daga, þar sem öll þjóðerni við þennan skóla kynna sitt land og sína menningu. Þjóða utanaðkomandi að koma og sjá.

Stærðfræðideildin ætlar að:

- Fá nemendur til að búa til stærðfræðiþrautir og hengja upp í sundlaug.
- Gera skoðannakannanir í stórverslunum, eða öðrum fyrirtækum og stofnunum.
- Láta nemendur útskýra stærðfræði í samfélaginu tengt eigin áfanga (hægt að hafa í kennsluáætlun og gilda í einkunn) hægt að setja á youtube, heimasíðu og senda afrit til MHH.
- Hafa ratleik um svæðið með hjálp Turf-hunt-apps og tengja fyrirtæki inn í leikinn.

Starfsbraut ætlar að:

- Veita fyrirtækjum sem taka á móti nemendum í starfsnám (iðnbrautir og starfsbraut) viðurkenningarskjal á viðburði innan skólans. Viðburðurinn er skráður og myndaður og sendur í héraðsblöðin og á heimasíðu skólans. Með þessu móti fáum við forsvarsmenn fyrirtækja um allt Suðurland í heimsókn og getum sent frá okkur jákvæða og uppbyggjandi fréttatilkynningu.

Hamarsmenn ætla að:

- Halda Opið hús – kennsla í gangi, sýna verkefni og vinnu, vorönn fleiri verkefni tilbúin/í gangi, á laugardegi svo fleiri komist, nemendur fái frí á móti, kaffisala.
- Nýta verknámið/Hamar betur á Kátum dögum.
- Þjóða upp á „námskeið“/kynningar í tölvuteikningu og öðrum nýjungum (nýjum vélum o.þ.h.) – Grunnskólar og jafnvel aðrir markhópar.

List- og verkgreinakennarar ætla að: ????????????????

Raungreinar ætla að:

- Lesa GERT skýrslu grunnskóla, samstarf grunnskóla við fyrirtæki og stofnanir á sínu heimasvæði.

Íslenskudeild ætlar að: ????????????????

Enskudeild ætlar að:

- Fara í samstarf við Félag eldri borgara: Nemendur heimsæki eldri borgara, kenni þeim ensku/aðstoði við tölvur og læri í staðinn handverk og fræðist um líf áður fyrr.

Samfélagsgreinar ætla að: ????????????????

Bréf til umsjónarkennara vegna fyrirlagnar Skólapúlsins

KÖNNUN Í UMSJÓN

Ágæti umsjónarkennari

Sjálfsmatshópurinn fer þess á leit við þig að þú biðjir neðangreinda einstaklinga í þínum hópi að svara könnun um líðan og skólabrag. Hér að neðan eru upplýsingar um könnunina.

Nemandinn getur svarað könnuninni í gegnum tölvu, snjallsíma eða iPad. Hann þarf að skrá sig inn á <http://frh-skolapulsinn.herokuapp.com/> og setja síðan inn þátttökukóða sem er hér meðfylgjandi fyrir aftan skammstöfun umsjónarkennara. Til þess að könnunin verði marktæk þurfum við að fá 80% svarhlutfall.

Nafn nemanda	Umsj.k	Leyniorð	http://frh-skolapulsinn.herokuapp.com/
Nafn nemanda	Umsj.k	Leyniorð	http://frh-skolapulsinn.herokuapp.com/

Skólapúlsinn framkvæmir samræmda könnun á líðan og skólabrag framhaldsskólanema í nóvember á hverju ári. Könnunin er styrkt af Lýðheilsusjóði og hefur verið þróuð í samstarfi við Landlæknisembættið og Flensborgarskólann í Hafnarfirði. Könnunin miðar að því að gera framhaldsskólum mögulegt að meta stöðu og árangur af því þróunarstarfi sem snýr að líðan og skólabrag. Niðurstöður könnunarinnar birtast í nafnlausum samanburði við aðra framhaldsskóla á aðgangi skólans hjá Skólapúlsinum og gefur skólum þar með góða mynd af stöðu sinni á landsvísu og sparar skólum bæði tíma og fyrirhöfn.

Í könnuninni er lagt mat á 20 þætti sem sjá má í listanum hér að neðan. Hver þáttur er metinn með nokkrum spurningum sem þáttgreining hefur sýnt að mæla saman einn undirliggjandi þátt (latent factor):

- | | |
|------------------------|--------------------------------|
| 1. Vellíðan | 11. Samsömun við nemendahópinn |
| 2. Lífshamingja | 12. Viðhorf til skólans |
| 3. Kvíði | 13. Stuðningur kennara |
| 4. Þunglyndi | 14. Samband við kennara |
| 5. Stjórn á eigin lífi | 15. Einelti |
| 6. Sjálfsálit | 16. Áreitni og ofbeldi |
| 7. Líkamsmynd | 17. Ástundun |
| 8. Næring | 18. Megrún |
| 9. Hreyfing | 19. Átröskun |
| 10. Svefnvenjur | 20. Fæðubóta- og steranotkun |

Hægt er að svara könnuninni í tölvu eða snjallsíma og tekur um 15-20 mínútur að svara. Strax að könnun lokinni eru niðurstöður birtar á læstu vefsvæði skólans eftir aldri og kyni nemenda með samanburði við landið í heild. Þær eru birtar í formi línu-, súlu- og punktarita ásamt marktektarprófum og svörum við opnum spurningum. Hægt er að skoða niðurstöðurnar á netinu og deila þeim þar eða taka þær út í pdf skjali og senda sem viðhengi. Niðurstöðurnar gefa skýrar vísbendingar um þróun í skólanum og stöðu nemendahópsins hverju sinni á lykilþáttum um líðan og skólabrag.

Fullyrðingar og leiðbeiningar vegna sjálfsmatsfundar 5. mars 2014

Þátttakendur: Kennarar skólans

Vinnuferli:

- Hópar meta mismunandi fullyrðingar (Hópar A til D meta fullyrðingar 1-3, hópar E til H meta fullyrðingar 4-6 og hópar I til L meta fullyrðingar 7-9).
- Svör skulu rökstudd með að minnsta kosti fimm dæmum (jákvæðum og/eða neikvæðum)
- Hver hópur gefur hverju atriði einkunn (6 er best, 1 er lakast)

Þegar komið er að því að gefa fullyrðingunum einkunn er notuð eftirfarandi aðferð:

- Gefið er 6 ef matið er stutt af 5 vísbendingum um gott starf
- Gefið er 5 ef matið er stutt af 4 vísbendingum um gott starf og 1 sem þyrfti að bæta
- Gefnir eru 4 ef matið er stutt af 3 vísbendingum um gott starf og 2 sem þyrfti að bæta
- Gefnir eru 3 ef matið er stutt af 2 vísbendingum um gott starf og 2 sem þyrfti að bæta (Hér þarf einungis að finna fjögur dæmi sem styðja einkunnagjöf)
- Gefnir eru 2 ef matið er stutt af 1 vísbendingu um gott starf og 4 sem þyrfti að bæta
- Gefið er 1 ef matið er stutt af 5 vísbendingum um starf sem þyrfti að bæta

Hvert á að skila niðurstöðum?

- Hver hópur skilar niðurstöðum inn í möppu sem hefur slóðina:
H:\starfsfolk\Sjalfsmat\5.mars2014
Merkja skal skjalið (A - hópur, B – hópur, C – hópur...)

Fullyrðingar:

- | | | |
|--|---|---------------|
| <ol style="list-style-type: none"> 1. FSu er besti framhaldsskóli landsins. 2. Kennarar taka virkan þátt í félagslífi nemenda. 3. Kennarar gera miklar kröfur til sjálfra sín. | } | Hópar A til D |
| <ol style="list-style-type: none"> 4. Í FSu er mikið um nýbreytni. 5. Kennarar FSu tala um skólann sinn á jákvæðan hátt. 6. Kennarar hvetja nemendur til að taka þátt félagslífi. | } | Hópar E til H |
| <ol style="list-style-type: none"> 7. Kennarar eru stoltir af því að vinna við FSu. 8. Kennurum er annt um velferð nemenda sinna. 9. FSu mætir þörfum allra nemenda. | } | Hópar I til L |

Niðurstöður sjálfsmats 5. mars 2014

Niðurstöður	sjálfsmats 5. mars 2014	Einkunnir hópa			
		A	B	C	D
1.	FSu er besti framhaldsskóli landsins.	6	4	5	5
2.	Kennarar taka virkan þátt í félagslífi nemenda.	3	3	?	3
3.	Kennarar gera miklar kröfur til sjálfra sín.	4	4	?	3
		E	F	G	H
4.	Í FSu er mikið um nýbreytni.	4	5	3,75	5
5.	Kennarar FSu tala um skólann sinn á jákvæðan hátt.	6	5	5	3
6.	Kennarar hvetja nemendur til að taka þátt félagslífi.	4	6	6	3
		I	J	K	L
7.	Kennarar eru stoltir af því að vinna við FSu.	5	4	6	5
8.	Kennurum er annt um velferð nemenda sinna.	5	4	5	4,5
9.	FSu mætir þörfum allra nemenda.	4	4	1	4

Niðurstöður kannana vorin 2007 – 2014

Líðan og viðhorf nemenda sem koma úr 10. bekk um áramót

	Samt.	%	'98 árg.	'97 árg.	'96 árg.	'95 árg.	'94 árg.	'93 árg.	'92 árg.	'91 árg.
Fjöldi nemenda sem byrjaði um áramót	111		11	17	8	13	24	9	17	12

1. Hvernig var að byrja í FSu?

a) Mjög auðvelt	34	33,0	4	4	4	6	8	2	4	2
b) Frekar auðvelt	58	56,3	5	8	3	6	12	5	10	9
c) Frekar erfitt	11	10,7	2		1	1	2	1	3	1
d) Mjög erfitt										
	103	100	11	12	8	13	22	8	17	12

2. Hvernig líður þér í skólanum?

a) Mjög vel	71	68,3	6	10	8	10	19	2	10	6
b) Frekar vel	32	30,8	5	2		3	4	6	7	5
c) Frekar illa	1	0,9								1
d) Mjög illa										
	104	100	11	12	8	13	23	8	17	12

3. Hvernig gengur þér í náminu?

a) Vel í öllum námsgreinum	31	30,1	3	6	1	5	6	1	7	2
b) Vel í flestum námsgreinum	70	68,0	8	6	7	8	16	6	10	9
c) Illa í flestum námsgreinum	2	1,9						1		1
d) Illa í öllum námsgreinum										
	103	100	11	12	8	13	22	8	17	12

4. Hvernig gengur þér með heimanámið?

a) Mjög vel	25	24,2	3	3	1	3	7	2	4	2
b) Frekar vel	69	67,0	7	8	7	9	14	5	11	8
c) Frekar illa	8	7,8	1	1		1	2		2	2
d) Mjög illa	1	1,0						1		
	103	100	11	12	8	13	23	8	17	12

5. Hvernig líður þér með skólafélögum þínum?

a) Mjög vel	74	71,1	7	10	8	11	19	3	10	6
b) Frekar vel	30	28,9	4	2		2	4	5	7	6
c) Frekar illa										
d) Mjög illa										
	104	100	11	12	8	13	23	8	17	12

6. Kvíðir þú því að mæta í skólann eða einhverjar kennslustundir?

a) Mjög oft	1	1,0	1							
b) Stundum	12	11,5	3	1		1	2	1	2	2
c) Sjaldan	32	30,8	3	7	1	3	7	4	5	2
d) Aldrei	59	56,7	4	4	7	9	14	3	10	8
	104	100	11	12	8	13	23	8	17	12

7. Ertu ánægð/ur með að hafa byrjað í FSu um áramót?

a) Mjög ánægð/ur	87	83,6	8	11	8	11	18	7	13	11
b) Frekar ánægð/ur	16	15,3	3	1		2	5	1	4	
c) Frekar óánægð/ur	1	1,1								1
d) Mjög óánægð/ur										
	104	100	11	12	8	13	23	8	17	12

8. Telur þú rétt að bjóða duglegum nemendum úr grunnskóla að byrja, í fullu námi, hálfu ári fyrr í framhaldsskóla?

a) Já	104	100	11	12	8	13	23	8	17	12
b) Nei										
	104	100	11	12	8	13	23	8	17	12

9. Hvers vegna er rétt að bjóða duglegum nemendum úr grunnskóla að byrja, í fullu námi, hálfu ári fyrr í framhaldsskóla?

Árg. '91 – um áramót 2006-7

- Því þetta er gott fyrir mann ef maður getur þetta þá getur maður klárað fyrr og bara af hverju ekki ef þetta er eitthvað sem maður vill og getur.
- Því sumir hafa ekkert að gera í tíunda bekk.
- Það er sanngjarnt því krakkarnir eru tilbúnir fyrir námið og það á ekki að halda aftur af þeim ef þeir vilja fara í þetta.
- Vegna þess að þetta opnar marga möguleika, þetta er skemmtilegt. Svo fá duglegir nemendur námsleiða í lok 10. bekkjar og þá er þetta mjög sniðugt.
- Því ég tel að þeir hafi sennilega ekki mikið að gera enn í grunnskóla. Það gefur líka góða möguleika á að klára skólann fyrr.
- Nemendur geta klárað skólann fyrr. Líður ef til vill betur í FSu en í grunnskóla. Námið hæfir þeirra getu betur.
- Til að gefa þeim tækifæri á því að flýta fyrir náminu, og kynnast félagslífinu fyrr.
- Vegna þess að duglegir nemendur eiga að fá að fara hraðar yfir námsefnið ef kostur er.
- Því nemendur sem eru búnir að standa sig vel eiga það skilið og það hentar þeim kannski betur námslega séð.
- Vegna þess að ef nemendurnir eru nógu gáfaðir þá eiga þeir rétt á að byrja í skólanum til þess að geta þá klárað námið sem fyrst.
- Því þá geta nemendur haft meira til að stefna að. Duglegir nemendur fá séns til að sleppa við samræmduprófa stressið. Og þetta eykur áhuga á námi og vilja til að gera vel.
- Til að gefa þeim tækifæri til að fara á undan í gegnum námið og þurfa ekki að taka samræmdu prófin sem eru bara tímasóun fyrir krakka sem vita að þau ætla í FSu og gengur vel að læra.

Árg. '92 – um áramót 2007-8

- Ef grunnskólinn er fyrir neðan getu einhvers hefur hann ekkert að gera þar.
- Þá geta duglegir nemendur fengið að njóta sín.
- Af því að það er gott tækifæri ef núverandi nám er of létt.
- Þau eiga það skilið.
- Af því að það er leiðinlegt að hanga og gera ekki neitt í grunnskóla.
- Því þá hafa allir tækifæri til að fara á sínum hraða í náminu.
- Til að þeir fái kennslu sem höfðar til þeirra getu.
- Það er þroskandi og skemmtilegt.
- Metnaðarleysið í grunnskólanum er ríkjandi og þar með sanngjarnt að hleypa duglegum og metnaðarfullum nemendum upp.
- Þetta býður upp á möguleika fyrir duglega nemendur að klára námið.
10. bekkur eftir áramót er voða lítið annað en undirbúningur fyrir samræmd próf. Þeir sem eru með yfir 8,0 um áramótin í 10. bekk eru nánast búnir að læra allt sem á að læra í grunnskóla.
- Þau hafa oftast metnað til þess að ná árangri og gott að verðlauna fyrir góða frammistöðu.
- Vegna þess að fólk sem vinnur vel getur fengið betri námsaðstöðu í FSu.
- Af því að það flýtir fyrir manni og maður verður fljótari með námið og getur það skipt miklu máli fyrir marga.
- Því það er gott að geta gefið nemendum tækifæri á því.
- Því það hlýtur engin skaða af, og spennandi reynsla.

Árg. '93 – um áramót 2008-9

- Til þess að geta klárað námið fyrr og farið þá fyrr í háskóla
- Vegna þess að hví láta nemendur sem eru með hátt í öllu, láta þá þurfa að bíða í 6 mánuði
- Því þau hafa unnið fyrir því með því að stunda námið vel og hafa sýnt fram á að þau geta stundað nám fyrr í framhaldsskóla
- Gott fyrir þá sem geta það
- Vegna þess að þeir sem geta lært og vilja komast áfram í námi eiga að fá að halda áfram námi á sínum hraða
- Vegna þess að námið er meira krefjandi og ef maður lærir vel þá er það mun þægilegra

- 7) Því þeir sem hafa sannað að þeir geti axlað ábyrgðina ættu að fá að reyna við skólann

Árg. '94 – um áramót 2009-10

- 1) Enginn tilgangur að vera í grunnskóla ef maður kann flest það sem á eftir að kenna.
- 2) Af því nemendur sem hafa næga getu til að læra og vilja nýta sér það með því að fara yfir.
- 3) Því að ef þeir hafa getu og áhuga á því eiga þeir að hafa fullan rétt á því.
- 4) Ef þau ráða við það þá skiptir það voða litlu máli að þau byrji fyrr.
- 5) Útaf það er mjög þroskandi og er mjög fínt að flýta fyrir sér.
- 6) Þeir sem hafa dugnaðinn og getuna ættu algjörlega að hafa það til boða að fara fyrr.
- 7) Bara. Mér finnst það gaman.
- 8) Mjög sniðust ef maður getur farið, en maður verður samt að hafa í huga að þetta er miklu erfiðara en í grunnskóla!
- 9) Af því að þetta er einstakt tækifæri fyrir ungmenni að spreyta sig.
- 10) Því ef þau eru tilbúin þá er það mjög sniðugt.
- 11) Því að ef þeir geta og vilja það, af hverju þá ekki að fara?
- 12) Því þau eiga það skilið fyrir vel unnin störf og dugnað.
- 13) Því þau eiga það skilið.
- 14) Því sumir eru duglegir og eiga það skilið og vilja byrja fyrr í framhaldsskóla.
- 15) Því að þetta er frábært tækifæri til þess að stytta sér leið.
- 16) Vegna þess að það flýtir fyrir þeim í námi í stað þess að eyða tíma í óþarfa vinnu.
- 17) Krakkar sem eru nógu góð í námi í grunnskóla eiga bara rétt á að fara yfir. Það er ósanngjarnt fyrir þau að þurfa að bíða eftir hinum sem eru minna gáfaðir.
- 18) Því það hvetur mann áfram. Námið í grunnskólanum er ekki mjög krefjandi. En samt verður að velja nemendurna vel.
- 19) Vegna þess að það er góð umbun fyrir gott starf, það er gott að hafa markmið til að stefna að.
- 20) Það er mjög sniðugt fyrir þá sem geta það og flýtir fyrir.
- 21) Vegna þess að þeir sem leggja sig fram eiga skilið að fá tækifæri til þess að sanna sig.
- 22) Vegna þess að mér finnst ósanngjarnt að duglegir nemendur þurfi að dragast í grunnskóla, ef það er auðvelt.
- 23) Vegna þess að mér finnst mikilvægt að duglegir krakkar fái að reyna við erfiðara nám heldur en grunnskólinn hefur uppá að bjóða.

Árg. '95 – um áramót 2010-11

- 1) Því það er tímasóun að vera í of auðveldu námsefni.
- 2) Vegna þess að þau hafa bæði þroska og getu (flestar allir).
- 3) Því að ef nemandi hefur allt til þess að fara fyrr og námsefnið í grunnskólanum er allt of létt er miklu sniðugra að fara fyrr og ná árangri í staðinn fyrir að „hanga“ ennþá í grunnskólanum. Nemandi þarf samt líka að vera andlega og félagslega sterkur til þess að fara fyrr, því maður þarf að vera frekar sjálfstæður.
- 4) Því að þetta gefur duglegum nemendum færi á að byrja fyrr.
- 5) Því þetta er frábært tækifæri til að skara framúr og ljúka stúdentsprófi fyrr.
- 6) Námsfnið í grunnskóla getur verið orðið of auðvelt, sem getur orðið til þess að ýta undir námsleiða. Tækifæri til að kynnast nýju fólki, o.fl.
- 7) Ef maður hefur tækifæri til að takast á við eins krefjandi námsefni og maður hefur tök á þá er það frábært tækifæri til að ná árangri.
- 8) Vegna þess að það hjálpar þeim að halda áfram í námi. Þá þurfa þau ekki að staldra við í annað hálf ár til að rifja upp eitthvað sem þau kunna.
- 9) Vegna þess að sumir hafa náð settum markmiðum fyrr en aðrir og kannski passar það betur fyrir nemandann að fara fyrr.
- 10) Mér finnst að þeir nemendur sem gengur betur ættu að hafa kost á því að fá nám við sitt hæfi, eitthvað sem reynir á nemandann.
- 11) Sumir nemendur eru búnir með námið í grunnskóla á undan og hafa þá ekkert að gera þar lengur.
- 12) Það er algjör óþarfi að vera að hanga í grunnskóla ef maður hefur tök á því að fara fyrr í FSu.
- 13) Óþarfi að neyða þau til að halda áfram í einhverju sem þeim finnst of létt.

Árg. '96 – um áramót 2011-12

- 1) Því að fyrir þessa nemendur er grunskólanámið oft bara mjög lítið krefjandi. Þau eru alltaf búin á undan hinum og fá voða lítið útúr því sem er gert því að þau eru með allt á hreinu. Þetta er líka bara hálfgerð umbun fyrir þau að fá að fara yfir.
- 2) Því að það þarf að verðlauna þá sem hafa nógu góðar einkanir að fara yfir. Það eru margir sem finnst námsefnið í 10. bekk of létt og þurfa nám sem er meira krefjandi.
- 3) Því að þeir sem eru góðir í að læra og duglegir fá þá námsefni sem þeir læra eitthvað af. 10. bekkur er mikið upprifjun og maður lærir ekkert mikið nýtt.
- 4) Því duglegu nemendurnir hafa ekkert að gera í grunnskólanum lengur þegar þau eru að byrja í 10. bekk. 10. bekkur er bara upprifjun og tel ég bara betra að fara strax yfir í framhaldsskólann í stað þess að vera eh að hangsa í 1 ár.
- 5) Því þá hafa þeir betra tækifæri til að læra og mennta sig í stað þess að vera enn í grunnskóla og gera hluti sem þú getur auðveldlega.
- 6) Vegna þess að af eigin reynslu get ég fullyrt að ef yfirburðanemandi er ekki að fá nógu krefjandi verkefni þá deyr námsáhuginn og metnaðurinn og svokallaður skólaleiði tekur við.
- 7) Í grunnskóla (fyrir nem. sem eru að standa sig) eru litlar kröfur og námið auðvelt. Því er í lagi að fara í FSu til að hafa krefjandi nám.

- 8) Afbragðsnemendur í grunnskólum lenda oftast en ekki í því að fá námsleiða því námið krefst lítils sem einskis af þeim nemendum. Ég tel þetta flott framtak að geta lagt í það að fara yfir í FSu ef þú ert náms- og félagslega sterkur.

Árg. '97 – um áramót 2012-13

1. Nemendur, sem hafa verið mjög duglegir í grunnskóla, eiga rétt á því að fara fyrir í framhaldsskóla til að geta farið fyrir í erfiðara nám og fá þá meiri tíma til að læra þyngra nám.
2. Þetta er ákveðin umbun fyrir þá sem eiga það skilið.
3. Því að í grunnskóla er oft boðið upp á of auðvelt nám.
4. Til dæmis er verið að verðlauna þá fyrir duglega frammistöðu í námi og síðan er þetta góð leið til að nemendur komi sem fyrst í háskóla og nenni að mennta sig.
5. Því að það gefur góðum (og þeim sem standa sig vel) nemenum kost á því að ljúka námi sínu fyrir og stefna að draumum sínum.
6. Vegna þess að flestum þessara nemenda finnst námið í grunnskóla of auðvelt og hreinlega leiðist, og það getur ekki talist jákvætt. Það er líka gaman að vera með „jafningum“ sínum.
7. Það er bara sanngjarnt því þau hafa lagt sig mikið fram í grunnskóla, ef þau fá enga umbun geta þau bara sleppt því að leggja sig fram.
8. Því þeir eru gáfaðir og í FSu er nám sem er miklu erfiðara. Það er samt fullt af gáfuðu fólki í grunnskólum.
9. Svo þeir hafi möguleikann, hvort sem þeir vilja nota hann eða ekki. Ef nemendur vilja fara á undan en geta það ekki þá er það frekar leiðinlegt fyrir þá.
10. Þetta eru svo æðisleg verðlaun/viðurkenning fyrir þann sem leggur sig fram.
11. Til þess að hefja nám sem hæfir þeim betur.
12. Því að þau hafa sennileg unnið að því og ef þeim er boðið það geta þau samt neitað.

Árg. '98 – um áramót 2013-14

1. Af því þetta er mjög góður kostur fyrir þá sem vilja flýta sér í námi eða fyrir þá sem vilja meira og krefjandi nám en er í 10. bekk.
2. Metnaðarfullir krakkar vilja gjarnan fara hratt í gegnum námið og sá möguleiki að fara fyrir í framhaldsskóla hentar þeim því vel. Það er miklu betra að klást við erfið verkefni sem efla hugann heldur en mjög auðveld verkefni sem ekkert þarf að hafa fyrir.
3. Því ef þeir hafa sýnt metnað í grunnskóla finnst mér að þeim ætti að vera boðið að fara yfir um áramótin til þess að fá námsefni við hæfi eða meira krefjandi námsefni.
4. Vegna þess að krakkar sem eru duglegir og langar að halda áfram og 10. bekkjar efnið er of létt.
5. Ég var orðin leið á grunnskólanum og fannst mjög gaman að koma yfir. Maður kynnist nýju fólki og þetta er ekki mjög erfitt námsefni.
6. Skemmtilegt og þroskandi.
7. Því þá er hægt að verðlauna þá sem standa sig vel.
8. Það er mjög gott að geta byrjað fyrir og það nýtist nemendum mjög vel.
9. Vegna þess að með því að bjóða upp á þennan valakost þá ýtir þetta undir það að nemendur leggi meiri áherslu á námið og þetta er ákveðin áskorun sem er erfitt en um leið skemmtilegt að takast á við.
10. Vegna þess að það eiga allir að vera á sínum hraða og því á maður líka að geta farið á undan.
11. Vegna þess að fyrir duglega námsmenn þá er grunnskólinn orðinn svo auðveldur að kennsla í framhaldsskóla er komin á þeirra stig.

10. Hvað getur skólinn gert til að auðvelda ykkur að hefja nám í FSu?

Árg '91 – um áramót 2006-7

- 1) Svo sem ekkert, þetta er búið að vera mjög fínt.
- 2) Kenna það sem nemendur hafa ekki lært eða skilið.
- 3) Náttúrufræðikunnátta, þyrfti að taka einhvers konar hraðferð haustið fyrir brottför.
- 4) Kynnt okkur vel fyrir öllu námi sagt okkur helstu grunnatriði í hverju fagi sem við þurfum að kunna áður en við komum.
- 5) Sett aðeins eða lagt meiri áherslu á námið held ég aðallega annars ekkert frekar.
- 6) Aðeins meiri upplýsingar fyrir fyrsta skóladag, sem og alltaf þegar illa á stendur. ATH! Að hægt sé að fara í 102 áfanga við byrjun td. Stæ 102.
- 7) Stærðfræði stuðning á betri tíma eða oftast í viku. Koma fram við okkur eins og venjulega busa (sem er gert) – Busavígslan !!!
- 8) Undirbúa mann betur.
- 9) Ég er ekki viss því mér finnst ekkert þurfa að bæta þetta. Það var svo auðvelt að aðlagast og við ágætlega undirbúinn námsega úr grunnskólanum.

- 10) Þetta var bara nokkuð gott eins og það var núna en það mætti láta nemendur taka fleiri próf og kannanir til að gá hvort þeir séu tilbúnir í þetta.
- 11) Mér finnst skólinn hafa verið mjög duglegur að hjálpa okkur.
- 12) Farið með okkur í skoðunarferð um skólann, ég var að villast hérna alveg fram í febrúar og veit ekki ennþá hvar allt er.

Árg. '92 – um áramót 2007-8

- 1) Veit ekki.
- 2) Þetta er fínt eins og það er.
- 3) Veit það ekki.
- 4) Haft kynningar.
- 5) Reynt að hjálpa okkur meira.
- 6) Held að þetta sé bara fínt.
- 7) Ekkert sérstakt.
- 8) Mér finnst þetta fínt svona.
- 9) Góðan undirbúning.
- 10) Það sama bara.
- 11) Ekkert.
- 12) Þetta er bara fínt eins og það er.
- 13) Hjálpa okkur aðeins meira í náminu og betri undirbúningi.
- 14) Meiri upplýsingar um próf og stundaskrá.
- 15) Þetta er fínt eins og þetta er.
- 16) Kynnt námsefnið og aðstæður (námsefnið). Kennara.

Árg. '93 – um áramót 2008-9

- 1) Betri upplýsingar um námið og hvernig skólinn gengur fyrir sig.
- 2) Fínt eins og það er
- 3) Útskýra betur í áföngunum
- 4) Gefa betri upplýsingar hvað á að gera þegar verið er að byrja
- 5) Halda kynningu í grunnskólunum

Árg. '94 – um áramót 2009-10

- 1) Mjög fínt eins og það er.
- 2) Þetta er fínt eins og það er.
- 3) Ekkert.
- 4) Minnt okkur á heimalærdóm.
- 5) Minnt okkur betur á heimalærdóm.
- 6) Hjálpað með að velja tíma sem henta vel.
- 7) Undirbúa sig vel, t.d. eins og láta okkur fá verkefni frá FSu.
- 8) Endurnýjað lesbækur, eins og Gule handsker.
- 9) Ööó ég er ekki viss ☹
- 10) Að sýna kennsluaðferðir og kenna nemendum á kerfið.
- 11) Bara ekki neitt.
- 12) Ég hef ekki hugmynd um það.
- 13) Allt var gert til þess!
- 14) Að kynna fyrir okkur skólastarfið og hjálpa okkur að skipuleggja okkur betur.
- 15) Kennst námstækni.
- 16) Ekkert að vanbúnaði ☺
- 17) Setja allt heimanámið á netið.
- 18) Veit ekki.
- 19) Bara taka vel á móti okkur ☺
- 20) Mér finnst þetta fínt eins og það er.

Árg. '95 – um áramót 2010-11

- 1) Kynnt allt vel.
- 2) Að kynna skólann betur fyrstu tvo dagana.
- 3) Haldið kynningar.
- 4) Mér fannst það mjög auðvelt svo að það er ekkert.
- 5) Aldrei neyða okkur til að fara í 103 í öllu, það eru ekki allir jafn tilbúnir til að taka svona stór skef, námslega séð.
- 6) Mér finnst skólinn standa sig frábærlega í þeim efnum.
- 7) Útskýrt betur hvernig hlutirnir virka, t.d. Moodle og Inna.
- 8) Sagt hvernig námsaðferðum er háttað, t.d. að það sé nauðsynlegt að hafa laus blöð og möppur.
- 9) Í sumum áföngum er of mikið að læra, of mikið álag og sumir kennarar mættu skipuleggja sig betur, ekki hafa allt í einu öll prófin í síðustu vikunni.
- 10) Voðalega fátt. Það eru hins vegar sumir kennarar sem gera meiri kröfur til ofurbusa en annarra nemenda, það finnst mér rangt.
- 11) Útskýra betur vægi Moodle, prófa og heimanáms frá byrjun.

Árg. '96 – um áramót 2011-12

- 1) Það er nú ekki mjög erfitt að byrja hér en það væri kannski hægt að kynna námið og kennsluaðgerðir aðeins betur. Kannski líka að láta nemendur skólans vita að það eru „ofurbusar“ að byrja því að það sem var kannski

„óþægilegast“ var hvað allir horfðu á mann og svona að þæla hvað maður væri að gera hér. En það er mjög auðvelt að koma nýr inn í þennan skóla.

- 2) Kynnt fyrir okkur skólann og hvernig allt gengur fyrir sig.
- 3) Ég held að skólinn gæti ekki gert neitt öðruvísi en það er nú. Það er fínt að láta þá sem koma yfir vera í sömu tímum svo að maður þekki einhvern.
- 4) Skólinn getur reynt að fara ítarlegar í allt efni, sett meira heimanám og ekki mata allt ofaní okkur eins og mikið er gert í grunnskólanum.
- 5) Það er fínt eins og það er. Gott að reyna að hafa þá nemendur saman í tímum sem koma fyrir.
- 6) Hópefli, það er númer 1, 2 og 3 að falla í hópinn og eignast vini hér en ekki vera einmana og feiminn einn úti í horni og líða illa.
- 7) Undirbúið okkur vel og að allir kennarar séu jákvæðir með ákvörðunina.
- 8) Mér fannst það mjög auðvelt að koma yfir. Við vorum nokkuð undirbúin fyrir þetta svo þetta er í góðum málum.

Árg. '97 – um áramót 2012-13

- 1) Mér finnst skólinn hafa gert nóg til þess að auðvelda okkur að hefja nám í FSu. Mér dettur ekkert í hug sem mætti laga.
- 2) Mér finnst að grunnskólar eigi að undirbúa nemann betur, þ.e.a.s. maður á að vera búinn að ákveða það miklu fyrr til þess að geta klárað 10. bekkinn og þá fyrst er maður undirbúinn fyrir framhaldsskóla.
- 3) Góða kynningu á umhverfinu.
- 4) Þau eru að standa sig vel núna.
- 5) Búa okkur betur undir námið í FSu, t.d. að axla meiri ábyrgð á eigin námi, nota gagnrýna hugsun og kenna aðeins á kerfið bara. :)
- 6) Kynna námið og námsaðferðir betur og hvernig skólinn „virkar“, sérstaklega leggja áherslu á mismuninn á milli grunnskóla og framhaldsskóla, en á jákvæðan hátt.
- 7) Það væri hægt að hafa minna heimanám.
- 8) Betri kennslu í grunnskólum.
- 9) „Busapjálfun“ þar sem okkur eru kenndir hlutir sem tengjast náminu sem við vitum ekki svo þeir komi okkur aldrei á óvart.
- 10) Ekkert. Það er svo auðvelt að byrja svo lengi sem viðkomandi á einhverja vini í skólanum.
- 11) Ég sé voða lítið sem á að gera til þess að auðvelda, þannig séð.
- 12) Svarað spurningum okkar betur, t.d. veit ég ekki ennþá hvort mætingareglurnar hafa tekið gildi eða hvað gerist eftir prófadagana.

Árg. '98 – um áramót 2013-14

1. Vera búin að sýna okkur skólann vel og vera búin að kenna okkur á allt sem tengist skólanum.
2. Mér fannst einfaldlega þægilegast að vel væri tekið á móti okkur og við boðin velkomin. Það er ekki þægilegt að finnast maður vera óvelkominn. Einnig var þægilegt að nemendaráðið kynnti okkur nokkurn veginn á þægilegan hátt.
3. ?
4. Undirbúið nemendur vel, hafa kynningar og sýna hvernig námið og sjálfur skólinn virkar.
5. Bara það sem var gert hjá okkur, sýna okkur svæðið, bjóða okkur velkomin og jafnvel segja kennurum frá því að 10. bekkingar séu að byrja fyrr, svo nemendur séu ekki að mæta óruggir í fyrstu tímana.
6. Mér dettur ekkert í hug.
7. Tekið vel á móti okkur.
8. Hann er að gera allt mjög vel núna og þetta var mjög auðvelt núna.
9. Sýna okkur stuðning, leiðbeina okkur og útskýra hlutina vel ef við þurfum á því að halda.
10. Veit ekki.
11. Ég bara veit það ekki.

11. Hvað hefur reynst þér erfiðast við að vera í FSu?

Árg. '91 – um áramót 2006-7

- 1) Er ekki alveg viss örugglega samt að þetta er svo miklu meira undir manni sjálfum komið.
- 2) Stærðfræðin og félagslega fyrstu vikurnar.
- 3) Að halda sambandi við vini úr grunnskóla (ekki alslæmt þó)
- 4) Námið er aðeins erfiðara og byrjunin var þínu erfið meðan maður var að komast inn í kerfið.
- 5) Að halda utan um allt mitt heimanám sjálf og þurfa að muna sjálf í staðinn fyrir eins og í grunnskólanum alltaf sífellt verið að tyggja allt ofan í mann.
- 6) Námsgreinarnar eru allar mjög vel við hæfi, hvað varðar erfiði og þess háttar. Nema stærðfræði.
- 7) Þegar fyrst var komið í skólann, að passa inn í.
- 8) Allt námsefnið sem ég missti af í grunnskólanum, það sem var kennt eftir áramót s.s raungreinar og mikið í tungumálum.
- 9) Voða litlir erfiðleikar fyrir utan smá örðugleika í upphafi stærðfræðiáfangans en það batnaði fljótt.
- 10) Það er búið að vera erfiðast að byrja að gera hluti sem ég veit ekkert hvað er og svo er þetta líka miklu meira nám en í grunnskóla.
- 11) Ég sit aldrei með neinum hóp né ákveðnum borðum.
- 12) Ég eyði miklu meiri peningum eftir að ég byrjaði hér þar sem að FSu er ekki í minni heimabyggð og ég er lélegur í stærðfræði ég held að ég þurfi betri grunn í henni.

Árg. '92 – um áramót 2007-8

- 1) Það er allt of mikið vesen í sambandi við lærdóminn.

- 2) Fara frá vinum og námið erfiðra.
- 3) Breyting á námsefni. Erfiðara námsefni.
- 4) Ekki neitt.
- 5) Ekkert.
- 6) Ekkert erfitt.
- 7) Maður þarf að hugsa meira um sig sjálfur.
- 8) Byrjaði á annarri braut en ég vildi.
- 9) Örugglega félagslífið.
- 10) Allt auðvelt.
- 11) Að koma inn án vina minna.
- 12) Skipuleggja mig og átta mig á vinnunni sem fylgir þessu.
- 13) Að þekkja svo fáa aðra.
- 14) Ekkert... nema stundum námið.
- 15) Náttúrufræðiáfangarnir.
- 16) Allir á mismunandi aldri og ströng gæsla á fjarvistum.

Árg. '93 – um áramót 2008-9

- 1) Mér finnst frekar erfitt að allir góðu vinirnir eru ekki hér en annars mjög fínt.
- 2) Námið er frekar erfitt fyrst.
- 3) Að kynna öðrum krökkum.
- 4) Mæta í tíma.
- 5) Að fara með rútunni og að fylgjast vel með í öllum áföngum.
- 6) Að hafa ekki komið á sama tíma og allir vinir mínir.
- 7) Hafa tvö eða fleiri próf á sama degi.

Árg. '94 – um áramót 2009-10

- 1) Mjög lítið.
- 2) Var smá stund að venjast öðruvísi kennsluaðferðum.
- 3) Stærðfræði.
- 4) Muna eftir heimanámi á netinu.
- 5) Muna að læra heima.
- 6) Meira álag. Sama rútínan í grunnskóla, lítið heimanám. Erfitt að venja sig á heimanám.
- 7) Sum verkefni og próf.
- 8) Mikið heimanám og bara mikið nám.
- 9) Að komast ekki heim þegar stundataflan mín er götött [bý á ...]
- 10) Danskan ☹
- 11) Það þarf að leggja meira á sig ☺
- 12) Ekki neitt.
- 13) Meira heimanám.
- 14) Það er meira heimanám og öðruvísi kennsluaðferðir.
- 15) Stíf dagskrá, er í 22 einingum. Annars er þetta fínt.
- 16) Það er bæði auðveldara og betra í FSu en í grunnskólanum.
- 17) Að ná að skipuleggja skóla og frístundir.
- 18) Danska, kennarinn nennir ekkert að hjálpa mér.
- 19) Vera yngst.
- 20) Það er náttúrufræði 123.
- 21) Vakna í skólann.
- 22) Bara allt öðruvísi kennsluaðferðir sem þarf að venjast. Fyrsta vikan var þínu erfið, allir að horfa á mann en síðan lagaðist það.

Árg. '95 – um áramót 2010-11

- 1) Ekkert erfitt. Leiðinleg hópaskipting í frítíma samt.
- 2) Námið er erfiðara en í grunnskóla, annars er ekkert.
- 3) Það hefur allt gengið mjög vel bæði námslega og félagslega.
- 4) Það var smá erfitt að læra á skólann en það kemur bara með tímanum.
- 5) Stærðfræði og danska.
- 6) Að skipuleggja mig, sérstaklega með heimanámið. Að hafa tíma fyrir heimanámið samhliða íþróttum.
- 7) Stærri skammtur af verkefnum en ég var vön og stundum of mikið að gera.
- 8) Danskan.
- 9) Að aðlagast og svo er líka hræðilega klíkuskript og mjög margir fordómafullir.
- 10) Í sumum námsgreinum átti ég í smærðleikum með að halda í við heimanámið, en það vandist fljótt.
- 11) Það er stundum of mikið heimanám.
- 12) Einstaka fög hafa verið mjög erfið en erfiðast held ég að sé að búa að heiman.
- 13) Heimanámið.

Árg. '96 – um áramót 2011-12

- 1) Heimanámið. Ég er í 2 íþróttum og í grunnskóla þurfti ég aldrei að læra heima því að ég kláraði það alltaf í tímum. Þannig að núna þarf maður að skipuleggja sig betur bara.
- 2) Hvað það varð miklu meira nám og maður þarf alltaf að vera að halda damp í öllu. Mér hefur samt tekist að fúnkera þetta mjög vel og náð að skila öllum verkefnum.

- 3) Mér hefur gengið frekar vel en erfiðast finnst mér að þurfa að skipuleggja heimanámið. Það var næstum ekkert heimanám í grunnskólanum en hérna er miklu meira heimanám.
- 4) Tungumálin hafa reynnst mér erfiðust. Hér er mikið spurt um orðaforða, en það var ekkert gert í grunnskólanum.
- 5) Skipulagning og að þurfa að vinna meira sjálfur og meira heimanám.
- 6) Að reyna að vinna sjálf úr skólaleiðanum þar sem að ég var í fyrsta skiptið í mörg ár komin með krefjandi námsefni.
- 7) Enska.
- 8) Að fara frá bekkjarsystkinum og að fá „heimanámsskell“ strax á okkur/mig. Ég hef aldrei áður haft svona mikið heimanám.

Árg. '97 – um áramót 2012-13

- 1) Heimanámið aðalleg og mætingskyldan.
- 2) Þetta hefur allt verið ekkert það erfitt, en í byrjun annar var ég með smá kvíða yfir að koma í skólann, en það er örugglega bara eðlilegt.
- 3) Slit við félagi.
- 4) Náttúrufræðin og í byrjun var frekar óþægilegt, því margir stöðu á mann.
- 5) Að mæta fyrstu dagana og vera minnst og vita ekki hvað maður á að gera. Svo nokkur stærðfræðipróf.
- 6) Ekkert sérstakt, það kom mér á óvart hversu auðvelt þetta stökk var.
- 7) Álagið – það er allt of mikið heimanám.
- 8) Saga !!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!
- 9) Halda utan um heimavinnu með Moodle. Það ætti að vera hægt að hafa yfirsýn yfir allt sem þarf að læra heima án þess að þurfa að skoða kennsluáætlun/verkefni í hverju fagi fyrir sig.
- 10) Danska.
- 11) Að skipuleggja sjálfan mig hefur verið erfiðast. Annars er allt bara mjög fínt.
- 12) Það var erfiðast að falla inn í hópinn fyrst en síðar þegar það var komið varða bara gaman.

Árg. '98 – um áramót 2013-14

1. Mér finnst námið búið að vera erfiðast.
2. Það var erfiðast að aðlagast náminu. Mikið meira heimanám og það þarf að vinna hratt á stuttum tíma.
3. Það var erfiðast að labba inn í skólann fyrsta daginn, en annars hafa ekki verið neinir erfiðleikar.
4. Að venja sig við heimalærdóm og kennsluáferðir.
5. Það hefur ekkert verið erfitt við að hefja nám hér. Það voru bara smá viðbrigði að skipta úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla.
6. Að skipuleggja sig svo maður hafi nægan tíma í tómsundur og heimanám.
7. Tímarnir þar sem ég þekki engan.
8. Að þekkja mjög fáa hér.
9. Byrjunin var erfiðust, þekkti engan en þökk sé **LKN106**, þá er ég búin að kynnast mörgum frábærum krökkum.
10. Bara í byrjun að venjast hraðanum og skilja skipulagið. Alveg búinn að venjast því núna.